

Nd.

348. Nefndarálit

[59. mál]

um till. til þál. um endurskoðun á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd athugaði tillöguna og sendi hana að því búnu raforkumálastjóra til umsagnar. Umsögn raforkumálastjóra til nefndarinnar er dagsett 7. þ. m. Í henni er tekið fram, „að fastagjaldinu af súgburrkunarhreyflum sé ætlað að hamla gegn því, að notaðir séu óþarflega aflmiklir hreyflar, sem valdið gætu yfirálagi á stólpaspennistöðvar og afltoppum á aðalspennistöðvum, ef súgburrkun gerðist almenn“. Af þessu er augljóst, að aðalástæðan fyrir fastagjaldinu er ekki fyrir hendi, þegar um aflléttu hreyfla er að ræða, t. d. 6 kw. eða minni, og því engin nauðsyn að knýja notendur til þess að greiða hátt fastagjald af minni vélum. Eðlilegast væri, að þessum notendum væri samkv. gjaldskránni gefinn kostur á að velja um, hvort þeir borguðu fastagjald ásamt lágum taxa á kwst. eða eitthvað hærra gjald fyrir kwst. og ekkert fastagjald. Færi það þá eftir því, hve mikið hreyfillinn ætti að notast, hvorn kostinn menn veldu.

Loks getur raforkumálastjóri þess, að í undirbúningi sé gagnger endurskoðun á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Virðist nefndinni því tímabært, að athygli sé vakin á þeim atriðum gjaldskrárinnar, er sérstaklega hafa valdið óánægju notenda.

Nefndin leggur því til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1953.

Ásgeir Bjarnason,	Jón Sigurðsson,	Jón Pálmason.
form.	fundaskr., frsm.	
Hannibal Valdimarsson.	Gísli Guðmundsson.	